

Í Morðbréfamáli Guðbrandar biskups kom fram bréf frá 1543 þar sem Jón Magnússon sýslumaður á Svalbarða var sakaður um galdra. Bréfið var dæmt ómerkt á alþingi 1593. Allir valdsmenn á Vestfjörðum á 17. öld voru afkomendur Jóns en afi hans var [sr. Þorkell Guðbjartsson](#) sem þjóðsögur segja að hafi skrifað hina miklu galdrabók Gráskinnu á Hólum.